Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkur
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. júlí 2020

Efni: Ósk um samstarf við gerð rammaskipulags fyrir Háskóla Íslands

Heil og sæl, Ólöf.

Fyrir liggja drög að tillögu að rammaskipulagi fyrir svæði Háskóla Íslands sem unnin var á síðasta ári af hálfu skipulagsnefndar háskólaráðs í samstarfi við hollensku arkitektastofuna Jvantspikjer & Partners og landslagsarkitektastofuna Juurlink [+] Geluk.

Tillögudrögin hafa þegar verið kynnt fyrir Degi B. Eggertssyni, borgarstjóra, Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur, formanni umhverfis- og skipulagsráðs og Ólöfu Örvarsdóttur, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Einnig sóttu skipulagsfulltrúi og samgöngustjóri vinnustofur í tengslum við gerð tillögudraganna. Þá hafa drögin verið kynnt í háskólaráði og á háskólaþingi Háskóla Íslands og gert er ráð fyrir ítarlegri kynningu og umræðu innan háskólasamfélagsins á komandi hausti. Rammaskipulagsdrögin hafa mælst vel fyrir á þessum kynningum.

Háskóli Íslands áformar að vinna rammaskipulagsdrögin áfram og stefnir að því að fá á grundvelli þeirra samþykkt nýttt rammaskipulag fyrir svæði Háskóla Íslands. Orri Steinarsson, arkitekt hjá Jvantspikjer & Partners, verður fulltrúi Háskólans í verkefninu ásamt skipulagsnefnd háskólaráðs og öðrum stjórnendum og starfsfólki sem að málinu kemur. Reykjavíkurborg er lykilaðili í áframhaldandi skipulagsvinnu enda er svæði Háskóla Íslands í hjarta borgarinnar og Reykjavík í reynd réttnefnd háskólaborg. Það er einlæg von mín að Reykjavíkurborg sé reiðubúin til samstarfs um þetta mikilvæga verkefni sem tekur m.a. til samgangna, sértækra umhverfislausna og tenginga við aðliggjandi svæði. Mikilvægt er að hraða næstu skrefum í skipulagsvinnunni eins og kostur er og því fer ég þess vinsamlega á leit að embætti skipulagsfulltrúa tilnefni verkefnisstjóra og ráðgjafa til að koma að rammaskipulagsvinnunni.

Með góðri kveðju,

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Afrit: Dagur B. Eggertsson, borgarstjórinn í Reykjavík

nóvember 2021

HÁSKÓLASVÆÐIÐ

Samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu þess við Borgarlínu

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM

JVST

JUURLINK STEDENBOUW [+] GELUK bv LANDSCHAP

HÁSKÓLASVÆÐIÐ

Samvinnuverkefni Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar um heildarsýn fyrir háskólasvæðið og samþættingu þess við Borgarlínu

Verkkaupar

Háskóli Íslands

Reykjavíkurborg

Hönnunarteymi

JVST
Mathenesserdijk 418f
3026 GV Rotterdam
Holland
www.jvst.nl

JVST
Grandagarði 16
101 Reykjavík
Ísland
www.jvst.nl

Juurlink & Geluk
Seinwachterstraat 40
1019 TE Amsterdam
Holland
https://jeng.nl

Hönnunarstjóri og tengiliður:
Orri Steinarsson, arkitekt
orri@jvantspijker.com
+31 (0)6 362 55 470

Hönnun:
Barend Mense
Bojana Rankovic
Stefan Videnov

Verkefnastjóri:
Huub Juurlink, landslagsarkitekt

Hönnun:
Luís Leal

EFNISYFIRLIT

		bls.
1	Aðdragandi	4
2	Forsendur og leiðarljós	6
3	Markmið	9
4	Tíu einkenni farsælla háskólagarða	10
5	Áskoranir og tækifæri	12
6	Uppdráttur	14
7	Lagskipt nálgun	16
8	Götuþversnið í skipulagstillögu	24
9	Fjölbreytt almenningsrými og upplifun	26
10	Suðurgata: úr hraðbraut í borgargötu	29

1. AÐDRAGANDI

Drög að rammaskipulagi HÍ (2019)

+

Skýrsla borgarlínuteymis (2020)

=

?

Samþætt framtíðarsýn HÍ (2021)

SAMVINNUVERKEFNI HÍ & BORGARINNAR

Í lok 2020 réðust Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands í samvinnuverkefni með það að markmiði að gera háskólasvæðið að hluta leiðakerfis borgarlínu og jafnframt að endurskoða drög að rammaskipulagi HÍ frá 2019.

Hvatinn að verkefninu er m.a. breyttar hugmyndir um leið borgarlínu í gegnum háskólasvæðið, í stað fyrri hugmynda sem gengu út frá leið borgarlínu um Hringbraut.

Verkefnið er liður í að skapa hljómgrunn um legu borgarlínu og biðstöðvar á háskólasvæðinu og jafnframt að skapa heilsteypta framtíðarsýn samkvæmt þessum breyttum forsendum.

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið skiptist í þrjá hluta:

1. Umráðasvæði HÍ og Vísindagarða HÍ, auðkennt á loftmynd með rauðri línu, liggur innan Hringbrautar, Birkimelar, Njarðargötu og Sturlugötu.

2. Stærra skoðunarsvæði, óháð lóðamörkum og eignarhaldi, er auðkennt á loftmynd með hvítri brotalínu og liggur utan umráðasvæðis HÍ.

3. Tenging á milli háskólasvæðisins og húsnæðis Heilbrigðisvísindasviðs við Hringbraut, auðkennt með gulri stjörnu á loftmynd.



Skipulagssvæðið

2. FORSENDUR OG LEIÐARLJÓS

SKIPULAGSFORSENDUR

Við mótun heildarskipulags fyrir háskólasvæðið var m.a. stuðst við eftirfarandi gögn:
- Aðalskipulag Reykjavíkur AR 2010-2030 er mikilvægasta einstaka leiðarljósið um framtíðarstefnu Reykjavíkur. Meginmarkmið AR 2010-2030 er að stemma stigu við útþenslu borgarinnar, nýta innviði og landkosti betur, þétta byggð meðfram samgönguásum og jafnframt að skapa sjálfbæra, græna og mannvæna borg með fólk í forgrunni.
- AR 2040 er uppfærð aðalskipulagsáætlun sem byggir á stefnu AR 2010-2030
- Bíla- og hjólastæðastefna Reykjavíkur er stefnumótandi tæki í bíla- og hjólastæðamálum í borginni. Horft er til áhrifaþátta sem koma til með að meta framtíðarþörf og nýtingu bílastæða í borginni og

AR 2010-2030, Bíla- og hjólastæðastefna Reykjavíkur

HEILDARSTEFNA HÍ 2021-2026

Tillagan er í samræmi við það markmið nýrrar heildarstefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021-2026, HÍ26, að skapa farsælt háskólasvæði með heildstæðri sýn á skipulag svæðisins sem stuðlar að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagi nemenda og starfsfólks af öllum fræðasviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni.



Lykilþróunarsvæði Vatnsmýrar, AR 2040

UPPDRÁTTUR

Við gerð uppdráttar er tekið mið af framtíðarsýn AR 2010-2030 sem gerir m.a. ráð fyrir flutningi innanlandsflugvallar úr Vatnsmýri. Með breyttri landnotkun og auknum grænum áherslum á svæðinu skapast ný tækifæri til að efla tengingar HÍ við umhverfið.

Gert er ráð fyrir grænum trefli frá Skerjafirði að Hringbraut sem styrkir svæðið sem heilsteypt og sjálfbært útivistarsvæði með áherslu á náttúrulega vatnsstrauma og vistkerfi. Grænt, aðlaðandi og heilbrigt umhverfi Vatnsmýrar er nýtt til að styrkja ímynd og séreinkenni HÍ á alþjóðavísu.

Við gerð uppdráttar er stuðst við teikningar uppbyggingarreita í grennd við skipulagssvæðið og þeim skeytt inn í rammaskipulagsuppdráttinn:

Skerjafjörður, rammaskipulag
Hlíðarendi, deiliskipulag
Háskólasjúkrahús, deiliskipulag
Samgöngumiðstöð BSÍ, frumhugmyndir
Vísindagarðar HÍ, deiliskipulag
Framtíðarsýn Vatnsmýrar (Aðalskipulag Reykjav. 2040
Friðland í Vatnsmýri, verðlaunatillaga (2012)

Borgarlínan
1. lota forsendur og frumdrög

HÖNNUNARFORSENDUR BORGARLÍNU

Við gerð heildarskipulags háskólasvæðisins var stuðst við hönnunarforsendur úr skýrslunni "Borgarlínan 1. lota forsendur og frumdrög" er gefin var út af Verkefnastofu Borgarlínu sem er samstarf Vegagerðarinnar og samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt var haft samráð við fulltrúa Verkefnastofu Borgarlínu í þessari vinnulotu.

Borgarlínan verður hryggjarstykki hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Borgarlínan verður drifkrafturinn í þróun höfuðborgarsvæðisins í átt að sjálfbæru og kolefnishlutlausu borgarsamfélagi þar sem ungir sem aldnir fá raunhæft val um vistvæna ferðamáta með aðgengilegum almenningssamgöngum, hjóla- og göngustígum. Borgarlínan verður þungamiðjan og umhverfis hana munu byggjast upp ný og sjálfbær hverfi.

Viðkomustöðvar Borgarlínu verða kennileiti sem falla vel að umhverfinu, skapa nýstárleg borgarrými og verða boðberar nýrra tíma. Áhersla verður lögð á góða aðstöðu fyrir reiðhjól og önnur létt farartæki við stöðvar Borgarlínu sem auðveldar fólki að ferðast síðasta spölinn á umhverfisvænan hátt.

Borgarlínan mun aka eftir sérrými á samgöngu- og þróunarásum til að greiða fyrir ferðum hennar og lágmarka tafir. Þessir ásar verða að nýju borgarrými þar sem vægi almenningssamgangna er í fyrirrúmi.

Götuþversnið Sturlugötu með borgarlínu í blandaðri umferð

Götuþversnið Sturlugötu með borgarlínu á forgangsakrein

3. MARKMIÐ

MARKMIÐ OG ÁHERSLUR SKIPULAGSTILLÖGUNNAR:

- Að skapa metnaðarfullan og heilsteyptan skipulagsramma sem hefur það hlutverk að samþætta mótun umhverfis, samgangna, borgarskipulags og mannvirkjahönnunar.

- Að efla tengingar við Vesturbæ, miðbæ Reykjavíkur, Heilbrigðisvísindasvið og Vísindagarða HÍ. Að tengja saman meginsvæði HÍ, sitt hvoru megin við Suðurgötu.

- Að bæta stígakerfi á háskólasvæðinu og skerpa á skilum milli aðal- og aukaleiða.

- Að skapa aðlaðandi og blandað borgarumhverfi með fólk í forgrunni, sem hvetur til þverfaglegra samskipta í námi, starfi, búsetu og leik.

- Að draga fram það besta í umhverfinu en jafnframt að taka mið af og bera virðingu fyrir staðaranda og sögu HÍ.

- Að draga fram séreinkenni HÍ sem heilbrigðs háskólagarðs við friðland Vatnsmýrar - "Green Edge Campus" - sem - undirstrikar sérstöðu Háskólans í borgarlandinu og styrkir græna ímynd og samkeppnisstöðu hans á alþjóðavísu.

- Að þétta byggð á völdum stöðum og gera almenningsrýminu hátt undir höfði á öðrum stöðum.

- Að leiða Borgarlínu inn á háskólasvæðið sem markvisst dregur úr vægi einkabílsins og jafnframt að bjóða upp á fjölbreytta valkosti og innviði fyrir græna samgöngmáta, s.s. reiðhjól, rafhjól, rafskutlur, deilihjól og leiguhjól.

- Að efla miðlægt hjarta háskólasamfélagsins og jafnframt að skapa skjólgóð og aðlaðandi dvalarsvæði sem draga að fólk og og glæða háskólasvæðið lífi.



GRÆNAR TENGINGAR + SNJALLAR BYGGINGAR + HJARTA SAMFÉLAGSINS

HÁSKÓLI ÍSLANDS Í VATNSMÝRI
- GREEN EDGE CAMPUS -

4. TÍU EINKENNI FARSÆLLA HÁSKÓLSVÆÐA

Auk innri starfsemi á sviði náms, kennslurannsókna og nýsköpunar tekur alþjóðleg samkeppnishæfni háskóla einnig mið af ytri þáttum. Tekin hafa verið saman 10 lykilatriði sem einkenna farsæla háskóla, byggt á skoðanakönnunum meðal starfsfólks og nemenda víðsvegar um heim. Við gerð heildarskipulags háskólasvæðisins eru þessi 10 atriði höfð til hliðsjónar sem leiðarljós.

1. TENGINGAR VIÐ NÆRUMHVERFI

Tengingar við nærumhverfi stuðla að betri notkun og jákvæðri upplifun af háskólasvæðinu, sólarhringinn og allt árið um kring. Landfræðileg staðsetning HÍ býður upp á tækifæri til að tengjast betur innviðum miðborgarinnar, listum, afþreyingu og þjónustu ásamt náttúru- og útivistarsvæðum s.s. við strandlengju, ylströnd, Öskjuhlíð og friðland Vatnsmýrar.

2. GRÆNIR SAMGÖNGUKOSTIR

Farsælir háskólagarðar einkennast af fjölbreyttum og vistvænum samgöngukostum, s.s. almenningssamgöngum, innviðum og stígakerfum fyrir gangandi og hjólandi, rafskutlum, rafhjólum yfirbyggðum hjólastæðum, viðgerðarþjónustu, hjólaleigum og deilihjólum.

3. FORMLEG ÚTIRÝMI

Almenningsrýmið og tengsl þess við byggt umhverfi er mikilvægur þáttur í farsælum háskólasvæðum. Notkun og upplifun fer eftir hlutverki þeirra og hvernig þau eru mótuð. Formleg rými eru vel afmörkuð og skilgreind, ýmist með yfirborðshönnun, efnisvali og götugögnum, s.s. torg, götur og stígar.

4. ÓFORMLEG ÚTIRÝMI

Óformleg og/eða náttúruleg útirými eru sveigjanleg í notkun og opin fyrir upplifun og túlkun notandans. Rýmin geta ýmist hýst mannmarga viðburði, uppákomur eða íþróttaiðkun af fjölbreytttu tagi. Ennfremur er hlutverk óformlegra rýma að vera aðlaðandi dvalarsvæði og umhverfi fyrir fólk sem safnast saman í stærri eða smærri hópum. Dæmi um óformleg rými eru grænir vellir.

5. ÖFLUGT STÍGAKERFI

Aðlaðandi og vel auðkennt stígakerfi þar sem aðal- og aukaleiðir eru vel skilgreindar er mikilvægur þáttur í að skapa notendavænt og farsælt háskólasvæði. Skjólgóðar göngu- og hjólaleiðir eru jákvæður hvati og stuðla að virkni og hreyfingu.

10. SVEIGJANLEIKI OG LÍFTÍMI HÚSA

Langur líftími og sveigjanlegt innra fyrirkomulag húsa stuðlar að sjálfbærum háskólabyggingum sem geta aðlagað sig breyttum kennsluháttum og námsaðferðum. Hlutverk hönnunarskilmála er m.a. að tryggja aukinn líftíma og sveigjanleika bygginga, auka virkni götuhliða og stuðla að lifandi tengingu bygginga við umhverfið sitt.

9. HJARTA HÁSKÓLASAMFÉLAGSINS

Mikilvægur þáttur í farsælum háskólasvæðum er miðlægt og lifandi hjarta sem dregur fólk að úr öllum áttum og stuðlar að þverfaglegum samskiptum. Slíkt hjarta er auðkenndur dvalarstaður þar sem fólk hittist til að slaka á, fá sér matarbita, funda og spjalla.

8. HEILBRIGÐUR LÍFSTÍLL OG HREYFING

Innviðir fyrir íþróttaiðkun og hreyfingu eru hluti af farsælu háskólasvæði, auk þess sem heilbrigður lífsstíl utandyra blæs lífi í svæðið og hvetur til jákvæðra samskipta og samvistar nemenda og starfsfólks.

7. HÁSKÓLAHLIÐ

Sérstaða háskólans í borgarmynstrinu er auðmerkt með hliðum sem skilja að háskólasvæðið og hefðbundið borgarrými. Hliðin gefa vegfarendum skilaboð um að hann þeir séu að færa sig yfir í annað borgarhverfi og leggja áherslu á sérstöðu þess og starfsemi.

6. KENNILEITI

Afgerandi kennileiti er staður eða bygging sem flestir tengja við sem ímynd háskólasvæðisins. Kennileiti er oftar en ekki bakgrunnur fyrir myndatöku sem er dreift á samfélagsmiðlum og stuðlar þannig óbeint að því að Háskóli Íslands fangar athygli, innan sem utan landssteinanna.

5. ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

ÞVERANIR YFIRSTIGNAR

Þverun háskólasvæðisins og nærumhverfis þess með stórum umferðargötum felur í sér áskoranir sem þarf að yfirstíga til að styrkja tengslin á milli austurs og vesturs. Með þessu styrkjast tengslin á milli Vesturbæjar, Vatnsmýrar, háskólasvæðisins, Öskjuhlíðar og Skerjafjarðar. Helsta hindrunin er Suðurgata sem nú rýfur tengslin og kemur í veg fyrir að háskólasvæðið sé upplifað sem ein heild. Sæmundargata sem tengist HÍ um Hringbraut og bílastæðaplan fyrir framan Skeifuna, er einnig upplifuð sem hindrun sem þarf að skoða nánar. Loks ber að nefna flugvöllinn sem kemur í veg fyrir að sterk tengsl myndist á milli Vatnsmýrar, Öskjuhlíðar og Skerjafjarðar.

NÝ TENGSL VIÐ NÆRUMHVERFI

Ef sköpuð er þverun milli austurs og vesturs myndast ný tengsl á milli Vesturbæjar og Vatnsmýrar. Tækifæri skapast til að koma fyrir samfelldum gönguleiðum fyrir almenning frá Vesturbæ gegnum háskólasvæðið, um friðland Vatnsmýrar og þaðan yfir í Skerjafjörð eða Öskjuhlíð. Aukin umferð hjólandi og gangandi vegfarenda blæs lífi í háskólasvæðið og gerir það að hluta af upplifun og áfangastað borgarbúa.

Þveranir milli austurs og vesturs



Blágrænar tengingar

BORGARLÍNA SEM HVATI AÐ BORGARÞRÓUN

Skýringarmyndin sýnir leið Borgarlínu um háskólasvæðið skv. tillögu Verkefnastofu Borgarlínu í samráði við HÍ. Svæðin í kringum biðstöðvar eru hvati að borgarmiðaðri þróun. Á þessum svæðum má gera ráð fyrir blandaðri starfsemi og frekari þéttingu byggðar. Við viðkomustöðvar Borgarlínu byggjast upp innviðir hverfanna, s.s. verslun, þjónusta og atvinnurými, en einnig má gera ráð fyrir að viðkomustöðvar tengist öðrum grænum samgöngukostum og innviðum þeim tengdum, s.s. hleðslustöðum fyrir rafhjól, hjólageymslum, hjólaleigum og aðstöðu fyrir deilihjól og rafskútur. Með þessu móti er öllum faratækjum gert hátt undir höfði sem sem hvetur til samþættrar notkunar grænna samgöngukosta.

SÝNILEIKI KENNILEITA TRYGGÐUR

Með þéttingu byggðar er mikilvægt að tryggja ásýnd helstu kennileita HÍ, s.s. Aðalbyggingar Guðjóns Samúelssonar og Norræna hússins, sem hannað er af finnska arkitektinum Aalvar Aalto. Lagt er til að tryggja sjónræn tengsl með opnum sjónásum í borgarlandinu. Slíkir sjónásar tryggja sýnileika kennileita séð frá nokkrum mikilvægum stöðum í borginni, t.d. frá Hringbraut, Þingholtunum og Öskjuhlíð. Einnig ber að tryggja sjónræn tengsl á milli Aðalbyggingar og Norræna hússins.



Þéttingarreitir í nánd við viðkomustöðvar Borgarlínu



Sýnileiki kennileita tryggður með sjónlínum

Þjóðarbókhlaðan
Grænn hjóla- og gönguás
Þróunarreitir
Þjóðmihjasafnið
Viðkomustöð Borgarlínu
Hús Íslenskra Fræða
Hótel Saga
Grænn hjóla- og gönguás
Þróunarreitir
Háskólabíó
Stækkun á friðlandi Vatnsmýrar
Göng undi tengir HÍ vi Hljómskála
Þróunarreitir
Veröld
Háskólatorg
VR
Viðkomustöð Borgarlínu
Þróunarreitir
Þróunarreitir
Norræna Húsið
Viðkomustöð Borgarlínu
Vísindagarðar HÍ
Grænn hjó og gönguá
Þróunarreitir
N
10 20 50 100m

6. UPPDRÁTTUR



7. LAGSKIPT NÁLGUN

Metnaður skipulagstillögunnar er að skapa heilsteypt háskólasvæði sem jafnast á við fremstu háskólagarða erlendis.

Í stað samansafns stakstæðra húsa umkringdum bílastæðum er lögð áhersla á að gera svæðið sjálfbært, grænt og mannvænt. Fólk og mannlíf verður í forgangi. Skerpt verður á séreinkennum svæðisins og staðarandi er nýttur til að snúa við blaðinu og nýta þau umhverfisverðmæti sem fyrir eru.

Áhersla er lögð á bættar tengingar við nærumhverfið og að skapa dvalarstaði við aðlaðandi göngu- og hjólaleiðir. Með því að þétta byggðina við græna ása og nýja viðkomustaði Borgarlínu myndast heilsteypt umhverfi sem er í stakk búið að takast á við framtíðina.

4. Byggð

Svæðið á milli Birkimels og Suðurgötu fær heildrænt útlit, byggð verður þétt og útfærð á bíllausan hátt. Bílastæði á yfirborði víkja fyrir þéttri, mannvænni og aðlaðandi byggð. Á milli húsa eru vel auðkenndar og skjólgóðar gönguleiðir. Nýtt byggingarmagn er u.þ.b 80.000 m².



3. Bílaumferð og Borgarlína

Umferð bíla verður um Birkimel, Suðurgötu og Sturlugötu. Borgarlínustöð er komið fyrir á Sturlugötu, á milli Vísindagarða HÍ og Norræna hússins. Tveimur Borgarlínustöðvum er komið fyrir við Suðurgötu, til móts við VR og á milli Þjóðminjasafnsins og Húss íslenskra fræða. Miðlægum bílastæðahúsum á yfirborði er komið fyrir á lykilstöðum í hverfinu og í hæfilegri göngufjarlægð frá áfangastað. Byggð þéttist og blandast í næsta nágrenni við stöðvar Borgarlínu.



2. Rammi almenningsrýmis

Sérkenni HÍ sem heilbrigðs háskólagarðs við friðland Vatnsmýrarinnar undirstikar sérstöðu háskólans í borgarlandinu og styrkir græna ímynd HÍ og samkeppnissstöðu hans á alþjóðagrundvelli. Grænir ásar fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur tengja saman vestur- og austurhluta háskólasvæðisins og Borgarlínustöðvarnar.



1. Heildarsýn

Heildarsýn byggir á samspili umhverfis, borgarskipulags, samgangna og húsa.

HÍ Í VATNSMÝRI 'GREEN EDGE CAMPUS'

N
10
20
50
100 m

UPPDRÁTTUR

TVÆR VIÐKOMUSTÖÐVAR BORGARLÍNU VIÐ SUÐURGÖTU

8. GÖTUÞVERSNIÐ

RÝMISÞÖRF Í BORGARLANDINU TRYGGÐ

Mikilvægt er að tryggja lágmarksrýmisþörf helstu gatna og tenginga svo að umhverfisgæðin sem lagt er upp með í heildarsýninni fái brautargengi. Skýringarmyndir að neðan sýna helstu götuþversnið tillögunnar.

GRÆNIR ÁSAR

Grænir ásar sem tengja saman austur- og vesturhluta háskólasvæðisins. Lagt er upp með að hámarka breidd ásanna svo hægt sé að koma fyrir gróðri meðfram gönguleiðunum.

BÍLALAUSAR VISTGÖTUR OG STÍGAR

Götugerð þessi er innblásin af Alexandersstíg og leggur upp með að tengja saman reiti á bíllausum svæðum norðan Suðurgötu. Trjárunnar mynda samfelldar, grænar og skjólgóðar gönguleiðir á milli húsa.



TORG OG VASAGARÐAR

Vasagarðar torga og grænna valla mynda saman dvalasvæði sem eru ólík að stærð og lögun. Rýmin liggja vel gagnvart sól, þau eru hluti af ramma almenningssvæðisins og laða fólk að sér.



SUÐURGATA

Breyttar forsendur götunnar með auknu vægi grænna samgangna og minni áherslu á einkabílinn kalla á samþættar lausnir umferðar, borgarskipulags, gróðurs, efnismeðferðar á yfirborði og hönnunarskilmála húsa. Með tilkomu Borgarlínu verður Suðurgata mikilvægt hryggjarstykki í heildarskipulagi HÍ. Suðurgata verður öruggt og aðlaðandi lykilsvæði á háskólasvæðinu sem stendur undir nafni sem falleg borgargata.

9. FJÖLBREYTT RÝMI OG UPPLIFUN

Stígakerfi fyrir hjól og gangandi tengir saman fjölbreytt almenningsrými

10. ÚR HRAÐBRAUT Í BORGARGÖTU

ENDURGERÐ SUÐURGÖTU BREYTIR ÁSÝND OG UPPLIFUN

Með breyttum áherslum í samgöngumálum og komu Borgarlínu skapast tækifæri til að upphefja Suðurgötu og breyta henni í aðlaðandi borgargötu sem tengir háskólasvæðin saman í stað þess að slíta þau í sundur.

Fyrirkomulag götunnar breytist úr 2 x 2 aksturssstefnum í 2 x 1 akstursstefnu með Borgarlínu í miðlægri forgangsakrein.

Breyttar áherslur Suðurgötu eru:

- Fólk og umhverfi í forgangi
- Aukinn gróður, trjáröðum komið fyrir í götuþversniði
- Bætt göngu- og hjólastígakerfi
- Aukið umferðaröryggi
- Virkar framhliðar húsa sem snúa að Suðurgötu
- Borgarlínubiðstöðvar skapa lifandi þungamiðju hverfisins
- Grænir ásar tengjast biðstöðvum sem undirstrika gönguleiðar í austur- og vesturátt



Núverandi ástand Suðurgötu



Tillaga að fyrirkomulagi Suðurgötu

Háskóli Íslands
University of Iceland

DÆMI UM ÚTFÆRSLU VIÐKOMUSTÖÐVAR BORGARLÍNU VIÐ SUÐURGÖTU

JUURLINK [+] GELUK bv
STEDENBOUW LANDSCHAP